



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
b.t. Helga Grímssonar
Höfðatorgi, Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 8. september 2020

2009188SA IRÓ

Málalykill: 16.10

Efni: Samkomulag um endurskoðun viðræðuáætlunar

Með bréfi dags. 21. ágúst 2020 óskar Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar eftir umsögn samninganefndar sambandsins um þá tillögu, sem fram kom á fundi ráðsins þann 18. ágúst 2020, að fela „Samráðshóp um innleiðingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna kennara í grunnskólum“ það verkefni að fylgja eftir framkvæmd bókunar með framlengdri viðræðuáætlun Félags grunnskólakennara og SNS frá 10. júlí 2020.

Samninganefnd sambandsins (SNS) fagnar þeirri aðferðarfræði sveitarfélaga að samráð sé haft um innleiðingu á kjarasamningum. Ekki er gerð athugasemd við þá ákvörðun Skóla- og frístundaráðs að fela samráðshópnum að fylgja eftir framkvæmd bókunarinnar. Er það von samninganefndar að það samráð tryggi sem besta framkvæmd bókunarinnar og að í allri vinnu hópsins séu hagsmunir beggja aðila hafðir að leiðarljósi.

Af þessu tilefni skal þó minnt á að einungis samningsaðilar kjarasamningsins þ.e. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara hafa forræði á túlkun kjarasamningsins og fylgiskjöllum hans. Er það gert á vettvangi samstarfsnefndar aðila eins og við kann að eiga hverju sinni. Úrskurðir nefndarinnar hafa kjarasamningsgildi. Samráðshópar sveitarfélaga eða aðrir aðilar sem falið er að fylgja eftir ákvæðum kjarasamningsins hafa ekki heimild til að fara gegn eða breyta þeim túlkunum sem fyrir liggja af hálfu samningsaðila. Komi upp ágreiningur er varðar kjarasamningsákvæði skal honum ávallt vísað til úrskurðar samstarfsnefndar aðila.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Inga Rún Ólafsdóttir
sviðsstjóri kjarasviðs

Skóla- og frístundaráð

Efni: Tillaga til skóla- og frístundaráðs um sveigjanlegt starfsumhverfi í grunnskólum

Óskað var eftir umsögn samninganefndar Reykjavíkurborgar við tillögu sem barst skóla- og frístundaráði frá Kennarafélagi Reykjavíkur og Félagi skólastjórnenda í Reykjavík, dags. 18. ágúst síðast liðinn.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitafélaga fer með kjarasamningsumboð fyrir Reykjavíkurborg vegna kjarasamninga KÍ. Samstarfsnefnd samningsaðila fer með túlkun kjarasamninga. Mikilvægt er að verklag í kringum kjarasamninga og túlkun þeirra sé samkvæmt samþykktu verklagi.

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur því ekki forsendur til að veita frekari umsögn um málið.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar

